

## 7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og breytast í samræmi við þá vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd. Tengigjöld skulu vera að fullu greidd áður en vatni er hleypt á hitunarkerfi.

## IV. KAFLI

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annarra nota en til húshitunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

## 10. gr.

Hitaveita Siglufjarðar hefur rétt til þess að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal eiga frjálsan aðgang að öllum hitakerfum, sem tengd eru hitaveitunni. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 665 5. september 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring**

*Guðrún Skúladóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 82 28. desember 1983.**

## 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á tímabilinu 1. september 1984 til 31. desember 1984 á eftirgreindum svæðum.

- A. Í Héraðsflóa frá línu réttvísandi aust-norðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65° 37'8 N, 13° 55'3 V) utan línu sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.
- B. Utan Breiðafjarðar norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65° 30'2 N, 24° 32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum utan línu, sem dregin er 8 sjómíllur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22° 40'0 V lgd., eru togveidar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar réfsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 82 28. desember 1983 um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1984*

**Halldór Ásgrímsson**

*Þórður Eypórsson.*

Nr. 373

## REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Greiðslufirlit ársins 1983.

### Stofnfjárdeild.

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983	
Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands .....	443 007,68
Uppfærslur v/gengisbreytinga .....	278 120,00
Vaxtatekjur .....	56 211,61
	777 339,29

Gjöld:

Stjórnarlaun (ófl. á undirreikn.) .....	23 698,00
Opinber gjöld .....	5 001,00
Auglýsingakostnaður .....	1 416,00
Eignir 31. desember 1983:	
Innstæða á hlr. 35209 .....	747 224,29
	777 339,29

**Deild fyrir frystar fiskafurðir.**

**Freðfiskur.**

Tekjur:

	Kr.
Eignir 1. janúar 1983:	
Innstæða á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands .....	349 402,49